

Mættir: Björn Sigurðsson formaður, Bjarney Guðbjörnsdóttir, Ingibjörg Helga Arnardóttir framkvæmdastjóri, Elsa María Guðmundsdóttir, Leifur Guðni Grétarsson, Eyleifur Jóhannesson yfirmaður landsliða, Emil Örn Harðarson móta og miðlunarstjóri, Júlía Þorvaldsdóttir varaformaður, Oddur Örnólfsson, Hilmar Örn Jónasson, Hörður Oddfríðarson ritari og Viktoría Gísladóttir gjaldkeri.

Afboða, mæta ekki : Hrafnhildur Lúthersdóttir,

Fundur 27.01 2021 settur kl. 12:00. Aukafundur vegna RIG. Fundurinn var fjarfundur

1. RIG

- a. SSÍ hefur borist höfnun, á vel rökstuddri, undanþágubeiðni sem send var til Heilbrigðisráðuneytis vegna fjölda í keppni vegna RIG 2021. Þessi niðurstaða eru mikil vonbrigði fyrir SSÍ sérstaklega í ljósi þess að leyfilegt er að hafa 350 manns í Laugardalslaug án þess að um skipulega keppni sé að ræða. Þetta þrengir verulega að keppninni og ljóst er að ÍTR eru ekki tilbúnir að loka mannvirkinu á meðan á mótinu stendur.
- b. Með þessu fyrirkomulagi þá neyðumst við því miður að takmarka fjölda keppenda í hverri grein, til að geta fylgt fjöldatakmörkunum.

Uppsetning mótsins verður eftirfarandi :

- Innilaug er skilgreint sem keppnissvæði þar sem hámarksfjöldi er 50 manns.
 - Keppnissvæði samanstendur af 20 dómurum, 16 keppendum og öðru starfsfólki.
 - Áhorfendastúka er eingöngu fyrir þjálfara keppenda, að hámarki 20 manns í allri stúkunni.
 - Greinaröðun verður með breyttu sniði.
 - Eingöngu verður keppt í A- úrslitum.
 - Keppandi getur einungis keppt í þremur greinum.
 - Hámarks fjöldi keppenda í grein verður 32, eða 4 riðlar. Í 400m fjórsundi verður hámarksfjöldi 24 (3 riðlar) og í 800m og 1500m skriðsundi verða að hámarki 16 keppendur (2 riðlar)
 - Undanrásir verða syntar í tveimur hlutum.
 - Í fyrri hluta verða tveir bestu riðlarnir syntir í öllum greinum.
 - Í seinni hluta verða seinni tveir (hægari) riðlar syntir í öllum greinum.
 - Upphitun og keppni verður tímasett miðað við hverja grein.
 - Keppandi mætir í sína upphitun, keppir í sinni grein, fer síðan í niðursund í útilaug og yfirgefur mannvirkið að þessu ferli loknu.
- c. Sendur verður út póstur á félögin og óskað verður eftir nýjum skráningum m.v þessar breyttu forsendur.
 - d. Þessi niðurstaða eru mikil vonbrigði fyrir stjórn SSÍ og telur stjórnin að ÍSÍ hefði mátt beita sér betur í okkar þágu vegna þessa. Einnig þarf að koma því

á framfæri við sóttvarnaryfirvöld að næsta reglugerð vegna takmörkun á keppni taki einnig mið að einstaklingsíþróttum og að sundæfingar og keppni taki mið af reglum um sundlaugar.

- e. Í kjölfar þessa mál þarf einnig að taka upp umræðu um þjóðarleikvanga og skilgreiningu á þeim þar sem það er með öllu ólíðandi að SSÍ hafi ekki forgang að mannvirkjum þegar að um alþjóðlega keppni er að ræða.

Fundi slitið kl. 12:45